

## Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 24. apríl 2023, auglýsing vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi: Laugardalur - Þjóðarhöll

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi: Laugardalur - Þjóðarhöll, birtist í Morgunblaðinu á morgunn, þriðjudaginn 25. apríl 2023. Tillagan er í kynningu frá 25. apríl 2023 til og með 9. júní 2023. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð:

<https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/laugardalur-thjodarholl>

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 15. mars 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 30. mars 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Laugardals. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóð F og byggingarreitur Laugardalshallar stækka en innan byggingarreitsins er gert ráð fyrir þjóðarhöll fyrir innanhúsíþróttir og viðburði. Hámarks byggingarmagn nýrrar þjóðarhallar er 19.000 m<sup>2</sup>. Jafnframt minnkar lóð G og framlengdur Vegmúli inn í Laugardal og lóð fyrir bílakjallara sunnan byggingar ÍSÍ og ÍBR eru felld út úr skipulagi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), undir skipulag í kynningu. Einnig má nálgast tillöguna á tölvuskjá hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30 – 16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **25. apríl 2023 til og með 9. júní 2023**. eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 9. júní 2023. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

**Þuríður Guðmundsdóttir**

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

[thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Virðing fyrir umhverfinu  
Fagmennska í hverju verki  
Þjónusta við samfélagið

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.